



Viðræður við LN vegna 16.1

Eins og kunnugt er hafa Launanevnd sveitarfélaganna (LN) og Félag grunnskólakennara (FG) verið að ræða efni greinar 16.1. í kjarasamningi aðila. Vert er að minna á að ekki er rætt um kjarasamninginn í heild sinni og við eigum ekki í eiginlegum kjaraviðræðum við LN.

almenn efnahags- og kjarapróun gefi tilefni til viðbragða, og ef svo er eiga þeir að koma sér saman um hver þessi viðbrögð eru. Viðræður aðila snúa að þessu og engu öðru.

frá því að samið var og breytingar á kjörum annarra stétta, til dæmis leikskólakennara og þroskajálfa.

Í grein 16.1 segir m.a.:

Aðilar skulu taka upp viðræður fyrir 1. september 2006 og meta hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjarapróun gefi tilefni til viðbragða og ákveða þær ráðstafanir sem þeir verða sammála um.

Aðilar hafa nú hist fjórum sinnum.

Fram til þessa hafa aðilar skipst á gögnum og rætt um hvort forsendur séu fyrir endurskoðun sbr. grein 16.1. Stjórn og samninganevnd FG hafa síðan í desember 2005 haldið því fram að ástæða sé til að taka upp viðræður og bregðast við því sem hefur gerst í almennri efnahags- og kjarapróun í landinu frá því að samið var í nóvember 2004. Stjórn og samninganevnd FG hafa m.a bent á aðgerðir sem gripið hefur verið til af hálfu forsendunefndar ASÍ og SA, verðbólguþróun

Það er skemmst frá því að segja að viðræðurnar hafa fram til þessa verið árangurslausar, mikið ber á milli aðila um það til hvaða ráðstafanna beri að grípa og ekki lítur vel út með framhaldið.



Eins og þarna kemur fram eiga aðilar að meta hvort breytingar á skólakerfinu eða



Orlofshús til sölu! - Til brottflutnings

Orlofssjóður Kennarasambands Íslands óskar eftir tilboðum í 2 orlofshús, sem eru númer 32 og 33 í Ásabyggð við Flúðir.

Húsin voru byggð árið 1986 en hafa verið endurnýjuð og vel viðhaldið, m.a. er ný eldhúsinnrétting. Þau eru 53 m² að stærð. Húsin eru laus til afhendingar frá 4. janúar 2007. Hægt að skoða myndir af húsunum í Ásabyggð á heimasíðu Orlofssjóðs KÍ

ki.skyrr.is/orlof/hus/asabyggd/asabyggd.htm
Húsin verða seld með palli og heitum potti ásamt föstum innréttingum og húsgögnum. Eldavél, ísskápur og uppþvottavél fylgja. Húsin verða til sýnis mánudaginn 30. október og þriðjudaginn 31. október frá kl. 15:00 til 20:00.
Tilboðum skal skilað í síðasta lagi 3. nóvember til skrifstofu Orlofssjóðs KÍ, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík. Einnig má skila tilboðum í tölvupósti á orlof@ki.is
Nánari upplýsingar: Hilmar s: 860-1943, Valgeir s: 898-7705 og Helgi 861-5531. Orlofssjóður KÍ áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nýr kjarasamningur leikskólans samþykktur



Rafrænni atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning FL og LN er lokið.

Atkvæðisrétt höfðu allir félagsmenn í Félagi leikskólakennara sem greiða félagsgjöld til KÍ og starfa við leikskóla eða aðrar stofnanir sveitarfélaga. Á kjörskrá voru 1666. Atkvæði greiddu samtals 1239 eða 74,37% þeirra sem á kjörskrá voru. „Já“ sögðu 750 (60,53%), „nei“ sögðu 461 (37,21%). Auðir seðlar voru 28 (2,26%).

Björg Bjarnadóttir formaður FL segist vera ánægð með þessa niðurstöðu. Þetta sé í fyrsta sinn sem félaginu tækist að ljúka gerð kjarasamnings áður en eldri samningur rennur út.

Björg segir að hins vegar sé því ekki að leynd að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar lýsi óánægju um það bil fjórðungs þeirra sem atkvæði greiddu. Það sé skilaboð um að enn þurfi að bæta til muna laun kennara í leikskólum. Samningurinn gildir frá 1. október til 30. nóvember 2008.

Nýr kjarasamningur tónlistarskólakennara undirritaður

Samninganevndir Félags tónlistarskólakennara og Félags íslenskra hljómlistarmanna annars vegar og Launanevndar sveitarfélaga hins vegar undirrituðu nýjan kjarasamning kl. 03.00 þann 15. október með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Kjarasamningurinn, sem felur í sér breytingar á eldri kjarasamningi, hefur gildistímann 1. október 2006 til 30. nóvember 2008.



Samanburður byrjunar- og lokalauna deildarstjóra í leikskóla og umsjónarkennara 2 í grunnskóla. Í grunnskólum eru til ráðstöfunar 6.500 kr. pr. stöðugildi sem oftast nær er greitt fyrir aukaverkefni sem unnin eru í yfirvinnu. Ekki er gert ráð fyrir slíkum greiðslum hér.

Umsjónarkennari 2 í grunnskóla

1. okt 2006
1. jan 2007
1. jan 2008

byrjandi >30 ára
212.391
217.170
222.057

Deildarstjóri í leikskóla

byrjandi
237.368
244.489
255.601

Umsjónarkennari 2 í grunnskóla

1. okt 2006
1. jan 2007
1. jan 2008

lokalaun <45 ára
257.116
262.902
268.817

Deildarstjóri í leikskóla

lokalaun
275.355
283.616
296.506

Tölurnar eru fengnar úr kynningu FL meðal leikskólakennara

Til áréttingar vegna 150 klst. til endurmenntunar og undirbúnings

Ef endurmenntun skv. 150 klst. (126 klst. hjá 30 ára og 102 klst. hjá 38 ára í meðalári) er flutt á starfstíma skóla reiknast 33% álag á virkum dögum en 45% um helgar og fækkar þá tímum í samræmi við það.

Vissir þú þetta!